

12. febrúar 1980.

161

Nr. 115.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum á vetrarvertíð 1980.

1. gr.

Eftir kl. 12.00 á hádegi 13. febrúar 1980, eru íslenskum skipum bannaðar allar loðnuveiðar. Þó er skipum, sem leyfi hafa til loðnuveiða, heimilt að fara í eina veiðiferð eftir þessi tímamörk, enda hafi næstu veiðiferð á undan verið lokið með tilkynningu til loðnunefndar um aflamagn í samræmi við reglur um slíkar tilkynningar, fyrir kl. 12.00 á hádegi 13. febrúar 1980, og haldi fyrir þau tímamörk til hafnar með það aflamagn sem þau hafi tilkynnt.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 430 1. nóvember 1979, um bann við loðnuveiðum, reglug. nr. 431 1. nóvember 1979, um bann við loðnuveiðum utan fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerð nr. 521 27. desember 1979, um loðnuveiðar á vetrarvertíð 1980.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. febrúar 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.